

# Fréttabréf félagsmálaráðuneytisins

## Ár jafnra tækifæra fyrir alla

### Ráðstefna í Iðnó 25. apríl

Ísland tekur fullan þátt í Evrópuári jafnra tækifæra 2007. Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra setur árið hér á landi á ráðstefnu sem félagsmálaráðuneytið efnir til af þessu tilefni í Iðnó 25. apríl. Jafnframt opnar hann heimasíðu árs jafnra tækifæra undir **sérvefjum** á heimasíðu ráðuneytisins.

Áhersla er lögð á að vekja almenning til vitundar um rétt allra til jafnra tækifæra í samfélaginu. Fordómar og misrétti hafi afdrifarik áhrif á þolendur og dragi jafnframt úr þeim frumkrafti samfélaga sem fylgir fjölbreytileika.

Þrátt fyrir að ákvæði í stjórnarskrám og löggjöf kveði á um að óheimilt sé að mismuna einstaklingum vegna kynhneigðar, trúar, kynþáttar, aldurs, kyns eða fötlunar sýna nýlegar rannsóknir að 64% Evrópubúa telji að einstaklingum sé mismunað vegna kynþáttar.

Þegar spurt var hvort það væri ókostur að vera fatlaður töldu 79% svarenda að svo væri. Svipaða sögu er að segja um aðra hópa, hvort sem spurt var um trúarskoðun.



aldur eða kynhneigð. Það er því mjög jákvætt að Evrópuárið 2007 sé helgað jöfnum tækifærum fyrir alla.

Félagasamtök og háskólar munu í samstarfi við íslensk stjórnvöld taka þátt í verkefnum ársins.

Ýmsir atburðir verða skipulagðir til að vekja athygli á kostum fjölbreytileika samfélagsins og mannfólksins og hvar þörf sé á úrbótum svo allir njóti sömu tækifæra.

Á ráðstefnunni í Iðnó 25. apríl verður fjallað um áhrif mismununar og kosti jafnra tækifæra.

Beate Gangås, umboðs-maður jafnræðis og mismununar í Noregi, mun flytja fyrirlestur um hlutverk embættisins, ýmis verkefni tengd árinu verða kynnt og heimasíða þess opnuð.

Heimasíðunni er ætlað að verða vettvangur þar sem hægt verður að nálgast allar nauðsynlegar upplýsingar um verkefni og atburði og birtar greinar og fróðleikur um jöfn tækifæri fyrir alla.

Ráðstefnan í Iðnó miðvikudaginn 25. apríl er haldin undir yfirskriftinni „Styrkurinn í fjölbreytni“. Ráðstefnan stendur frá klukkan 14 til 18, er öllum opin og aðgangur er ókeypis. ■

# Stöðugt fleiri fyrirtæki vilja jafnlaunavottun

Samráðshópur sem félagsmálaráðherra skipaði í nóvember 2005 til að undirbúa vottun jafnra launa hér á landi hefur skilað tillögum sínum. Þær miða að því að fá fyrirtæki og stofnanir til að afla sér vottunar um að unnið sé með markvissum hætti að launajafnrétti kynjanna.

Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra leggur áherslu á að tillögurnar komist sem fyrst í framkvæmd. Hann vonast til að kerfið og vottunin verði svo eftirsóknarverð „að fyrirtæki telji afar mikilvægt að fá vottun á launajafnréttisstefnu sinni, það verði gæðastimpill á fyrirtækinu“.

Félagsmálaráðuneytið og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið munu ásamt Háskóla Íslands, Háskólanum á Bifröst og Háskólanum í Reykjavík koma verkefninu á fót í samstarfi við Samtök atvinnulífsins.


Verkefnið er frumkvöðlastarf á Íslandi og á sér ekki fyrirmynd í öðrum löndum. Áhugasöm fyrirtæki eða stofnanir geta haft samband við fulltrúa samráðshópsins, þær Elínu Blöndal dósent ([elinblondal@bifrost.is](mailto:elinblondal@bifrost.is)) eða Margréti Jónsdóttur dósent ([margret@ru.is](mailto:margret@ru.is)). ■

*Nú þegar hafa fyrirtæki á borð við Deloitte á Íslandi, Háskólann á Bifröst, Háskólann í Reykjavík, Íslandsþóst, Landsvirkjun, Landsnet og Orkuveituna ákveðið að sækjast eftir jafnlaunavottun.*



Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra á blaðamannafundi um jafnlaunavottun í Þjóðmenningarhúsinu ásamt Ragnhildi Arnljótsdóttur ráðuneytisstjóra og fulltrúm samráðshópsins, þeim Margréti Jónsdóttur og Elínu Blöndal.

## Félagsvinakerfi Rauða krossins hlýtur styrk



Starfsmenntaráð félagsmálaráðuneytisins hefur úthlutað rúmlega 48 milljónum króna úr Starfsmenntasjóði til 45 verkefna vegna ársins 2007. Að þessu sinni var lögð áhersla á þrjú málaflokka:

- **Starfsþróun á vinnustað og nýliðabjálfun.**
- **Kennslu í íslensku fyrir útlendinga í vinnustaðatengdu námi.**
- **Kennslu í verslunar- og þjónustugeiranum.**

Þá var opin flokkur fyrir mikilvæg verkefni sem féllu utan áherslna.

Meðal þeirra sem hlutu styrk var Rauði kross Íslands vegna verkefnisins „Mentor er málið! – Félagsvinakerfi“.

Markmiðið er að stofna mentoranet (stuðningsnet) íslenskra kvenna og kvenna af erlendum uppruna þar sem sambandið byggist á gagnkvæmri virðingu og jafningjagrundvelli.

Markmiðið er að styrkja konur af erlendum uppruna sem þegar eru á íslenskum vinnumarkaði, efla þær og rjúfa félagslega einangrun. ■

# Stefna kanadískra stjórnvalda í málefnum innflytjenda

Þrátt fyrir hátt hlutfall innflytjenda í Kanada hafa málefni innflytjenda aldrei orðið kosningamál þar. Þetta sagði sérfræðingur á vegum kanadískra stjórnvalda, Robert Orr, þegar hann flutti erindi á fræðslufundi um innflytjendamál í félagsmálaráðuneytinu 16. apríl sl. Robert Orr starfar í tengslum við sendiráð Kanada í London.

Fræðslufundurinn var haldinn í samstarfi við kanadíska sendiráðið.

Stefna Kanadamanna í málefnum innflytjenda hefur lengi þótt áhugaverð og til fyrirmyndar.

Í erindi Roberts Orr kom fram að almennt væri mjög jákvætt viðhorf til innflytjenda í Kanada en ár hvert kæmu um 240 þúsund innflytjendur til landsins. Það væri stjórnvöldum kappsmál að fjölbreytilegur hópur einstaklinga kæmi til landsins og hefðu ríkisborgarar allra ríkja jafnan rétt til að sækja um dvalarleyfi þar.

Stjórnvöld litu fyrst og fremst svo á að um framtíðarborgara væri að ræða og því væri einstaklingum í langflestum tilvikum veitt fullt og ótakmarkað dvalarleyfi. Vegna spurnar eftir vinnuafli í Kanada um þessar mundir hefði útgáfa tímabundinna leyfa þó aukist.



Fræðslufundur hjá Robert Orr í félagsmálaráðuneytinu um afstöðu Kanadamanna til innflytjenda.

Í Kanada er bæði lögð áhersla á að fræða innflytjendur um kanadískt samfélag og landsmenn um fjölmennarleggt samfélag og hag beggja hópa af því.

Sú fræðsla hafi að mati Roberts Orr gefið góða raun. Fyrirtæki landsins leggi mikla áherslu á að ráða starfsfólk af ýmsu þjóðerni. Þingið endurspegli einnig þetta viðhorf.

Yfir 10% þingmanna væru fæddir utan Kanada og hátt hlutfall innflytjenda sinni opinberum störfum.

Sú staðreynd að innflytjendamál hafi aldrei orðið bitbein í kosningum er einnig vísbending um það jákvæða viðhorf sem framtíðarborgarar í Kanada mæta. Þrátt fyrir hátt hlutfall innflytjenda teljast þeir sjálfsagður hluti af samfélaginu og kærkomin viðbót en ekki vandamál. ■

## Ráðgjöf vegna blindra og sjónskertra nemenda

Kennsluráðgjafi fyrir blind og sjónskert börn og ungmenni í leikskólum, grunnskólum og á framhaldsskólastigi í sveitarfélögum landsins hefur tekið til starfa.

Staðan var sett á fót með samningi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og menntamálaráðuneytisins.

Jöfnunarsjóðurinn hefur tilkynnt sveitarfélögunum bréflaga um kennsluráðgjöfina og farið þess á leit við framkvæmdastjóra þeirra að þeir upplýsi skólustjórnum, kennara og aðra starfsmenn leikskóla og grunnskóla sveitarfélagsins um hana og hvetji þá til að nýta sér þá ráðgjöf sem í boði er fyrir nemendur.

Helga Einarsdóttir hefur verið ráðin til að gegna stöðunni og hefur hún aðsetur hjá Reykjavíkurborg í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Síðumúla 39, 108 Reykjavík.

Netfang kennsluráðgjafans er [radgjof.sjonskertir@reykjavik.is](mailto:radgjof.sjonskertir@reykjavik.is). ■

# Ávinningur af atvinnuþátttöku eldri borgara og öryrkja

Ríkissjóður gæti hagnast á því að afnema tekjutengingu bóta vegna launa eldri borgara og öryrkja. Ástæðan eru auknar skatttekjur sem þessir einstaklingar myndu greiða í ríkissjóð. Þetta er meðal niðurstaðna í athugun Rannsóknaseturs verslunarinnar sem félagsmálaráðuneytið tók þátt í að styrkja.

Skýrsla Rannsóknaseturs verslunarinnar ber heitið „Framleiðnimæling og ávinningur af aukinni atvinnuþátttöku eldri borgara og öryrkja“. Í skýrslunni kemur fram að mjög mikil framleiðniaukning hafi orðið í verslun á undanföllum árum og skortur sé á starfsmönnum í greininni. Meðal úrlausnarefna gæti verið að afnema tekjutengingu á bætur eftirlaunaþega og öryrkja og hvetja þá þannig til að koma í auknum mæli til starfa í verslun.

Bent er á að nýleg könnun sýni að tæpur þriðjungur eldri borgara gæti hugsað sér að vinna ef það hefði ekki áhrif á bótarétt frá Tryggingastofnun ríkisins. Auknar skatttekjur yrðu 3.400 milljónum króna meiri en tap ríkisins af því að afnema tekjutengingu ellilífeyris.

Skýrslan var unnin í samstarfi við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Þeir sem styrktu gerð hennar voru auk félagsmálaráðuneytisins heilbrigðismálaráðuneytið, Samtök atvinnulífsins, Samtök verslunar og þjónustu, VR og verkefnisstjórn 50+. ■



## Mikilvægi sveigjanlegs vinnumarkaðar undirstrikað

Félagsmálaráðuneytið lagði áherslu á sveigjanleika á vinnumarkaði í umsögn sinni um grænbók um vinnulöggjöf sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sendi frá sér á árinu 2006.

Markmiðið með grænbókinni var að hefja umræður með aðildarríkjum ESB og öðrum sem málið varðar um ágæti núgildandi löggjafar ESB á þessu sviði og frekari þörf fyrir breytingar á henni, meðal annars með hliðsjón af almennri þróun vinnumarkaðar í Evrópu síðustu árin.

Grænbókin varðar ekki síður EES/EFTA-ríkin en aðildarríki ESB, enda hafa allar gerðir ESB á sviði vinnulöggjafar verið teknar upp í EES-samninginn.

Félagsmálaráðuneytið sendi inn umsögn fyrir hönd íslenskra stjórnvalda þar sem er undirstrikað mikilvægi þess að löggjöf á þessu sviði stuðli að sveigjanleika á vinnumarkaði.

Slíkt sé undirstaða þess að unnt sé að bregðast hratt við breytingum sem varða til dæmis eftirspurn eftir vinnuafli í tengslum við markaðsaðstæður, tækninýjungar og fleira.

Mínt var á ríka hefð fyrir því að íslensk stjórnvöld eigi víðtækt og gott samráð við aðila vinnumarkaðarins um ýmis málefni og að aðilar vinnumarkaðarins hafi vald til að semja um fjölmörg atriði sem varða starfskjör, réttindi og skyldur á vinnumarkaði með kjarasamningum.

Tekið er fram í umsögninni að skuldbindingar á grundvelli EES-samningsins hafi að mörgu leyti haft jákvæð áhrif á íslenskt samfélag. Hins vegar megi regluverkið ekki raska um of jafnvægi á vinnumarkaðnum og möguleikum stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins til að viðhalda því jafnvægi. Minni sveigjanleiki gæti hindrað bæði atvinnurekendur og launþega í því að leita nýrra tækifæra og aðlagast þeim.

Velferðarkerfið á Íslandi byggist að miklu leyti á því að aðilar vinnumarkaðarins axli ábyrgð ásamt stjórnvöldum. Því verði þessir aðilar að hafa tæki til að viðhalda og bæta velferðarkerfið, þar með talið vinnumarkaðinn.

Með hliðsjón af öllu þessu verði regluverk ESB að taka tillit til þess að aðstæður á vinnumarkaði geti verið mismunandi milli landa.

Virða beri rétt aðila vinnumarkaðarins til að gera samninga um réttindi og skyldur sín á milli og jafnframt að löggjafinn í hverju landi hafi tiltekið svigrúm til að setja löggjöf miðað við aðstæður á hverjum stað. ■

# Réttarbætur fyrir fatlaða

Áttatíu og ein þjód auk Evrópu-sambandsins undirritaði alþjóðasamning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra 30. mars síðastliðinn. Aldrei fyrr hafa svo margar þjóðir sameinast um einn sáttmála á aðeins einum degi.

Fjölmennt á ráðstefnu félagsmála-ráðuneytisins og fleiri aðila um straua og stefnur í félagslegri þjónustu fylgdist með beinni sjónvarpsútsendingu frá New York þegar Harald Aspelund, varafastafulltrúi Íslands gagnvart Sameinuðu þjóðunum, undirritaði samninginn og valfrjálsa viðbótarbókun hans fyrir Íslands hönd. Viðbótarbókunin veitir málskotsrétt til sérfræðinefndar á sviði réttinda fatlaðra þegar önnur úrræði í viðkomandi landi hafa verið tæmd.

Samningurinn er afkrstur fimm ára viðræðna með virkri þátttöku hagsmunasamtaka fatlaðra og geðfatlaðra. Honum er ætlað að tryggja og vernda réttindi um 650 milljóna fatlaðra einstaklinga um heim allan. Með undirritun Íslands tekur íslenska þjóðin þátt í að breiða út þann boðskap að fatlaðir og aðrir skuli standa jöfnum fótum.

Manngildi þeirra sé hið sama. Óheimilt sé að mismuna fötluðum og geðfötluðum. Eyða skuli fordómum og líta til færni fatlaðra einstaklinga og möguleika þeirra til þátttöku á öllum sviðum þjóðlífsins, svo sem hvað snertir atvinnu, menntun, heilbrigðisþjónustu, samgöngur og aðgang að réttaraðstoð. ■



Um 700 gestir komu á ráðstefnuna *mótum framtíð* á Nordica hóteli. Þar kynntu t.d. Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra og Siv Friðleifsdóttir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra ákvörðun ríkisstjórnarinnar um öndunarvélaþjónustu utan sjúkrahöfnana ásamt baráttumönnunum Evald Krog og Guðjóni Sigurðssyni.

## Heilsa barna á árlegu námskeiði Greiningarstöðvar

Efni árlegs vörnámskeiðs eða ráðstefnu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins er að þessu sinni „börn og heilbrigði“. Fjallað verður vítt og breitt um ýmislegt sem varðar heilsu allra barna en með líkamlega heilsu og þarfir barna með þroskafrávik og fötlun í huga.

Námskeiðið verður á Grand hóteli dagana 3. og 4. maí næstkomandi.

Vörnámskeið stöðvarinnar hafa verið haldin árlega frá því að hún tók til starfa árið 1986 og verður þetta því í 22. sinn. Námskeiðin hafa verið vettvangur fræðslu og samveru fólks sem starfar að málefnum fatlaðra barna á öllu landinu. Þau hafa skapað tækifæri frá önn dagsins fyrir fólk af ólíkum vettvangi að hittast, ræða saman og bera saman bækur sínar.

Vörnámskeiðið sækir fólk af öllu landinu, aðallega fagfólk úr hinum ýmsu fagstéttum sem koma að þessum málum og er þátttakendafjöldi yfirleitt á bilinu 150 til 300 manns.

Á dagskrá verða 19 erindi jafnmargra fyrirlesara. Dagskrá og frekari upplýsingar má finna á vef Greiningarstöðvarinnar ([www.greining.is](http://www.greining.is)).

Greiningarstöð er landsstofnun á vegum félagsmálaráðuneytis sem starfar að velferð fatlaðra barna og fjölskyldna þeirra. ■

XXII. vörnámskeið  
Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins  
Grand Hóteli 3. og 4. maí 2007

Börn og heilbrigði

Nánari upplýsingar á [www.greining.is](http://www.greining.is)



# Starfshópur um frístundahúsamálefni sammála um frumvarpsdrög

Starfshópur um málefni varðandi frístundahús, sem Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra skipaði 21. júlí 2006, leggur til að samningar um leigu á lóð undir frístundahús kveði á um endurskoðun á leigu og forkaupsrétt leigjenda við sölu á leigulóð.

Starfshópurinn skilaði ráðherra tillögum sínum í formi frumvarps til laga um réttindi og skyldur eigenda og leigjenda lóða í skipulagðri frístundabyggð.

Í skilabréfi starfshópsins til félagsmálaráðherra kemur fram að hópurinn hafi á fundum sínum fjallað um vanda í viðskiptum eigenda og leigjenda lóða undir frístundahús í skipulögðum frístundabyggðum við lok leigutíma.

Þótt hópurinn hafi ekki litið svo á að það hafi verið hlutverk hans að gera tillögur að því hvernig leysa eigi úr ágreiningi sem þegar er upp kominn bendir hann á að sértæk úrræði gætu brotið í bága við ákvæði stjórnarskrár um samningsfrelsi og friðhelgi eignarréttarins.

Í drögum starfshópsins að lagafrumvarpi er lagt til að við úrlausn ágreiningsefna milli hagsmunaaðila innbyrðis í frístundabyggð verði farin hliðstæð leið og í fjöleignarhúsalögum.



Félög eigenda og leigjenda lóða í frístundabyggð verði vetvangur fyrir samskipti aðila um sameiginleg hagsmunamál.

Samkvæmt frumvarpsdrögum er lagt til að eigendur og leigjendur lóða í frístundabyggð geti skotið ágreiningsefnum með nokkrum takmörkunum til kærunefndar fjöleignarhúsamála.

Enn fremur er gert ráð fyrir samráði sveitarfélaga við svæðisfélög í frístundabyggð. Starfshópurinn stendur einhuga að baki frumvarpsdrögum.

Félagsmálaráðherra hefur ákveðið að senda frumvarpsdrög starfshópsins til umsagnar hagsmunasamtaka. Almennningur getur jafnframt komið á framfæri athugasemdum og ábendingum við frumvarpsdrögin á heimasíðu félagsmálaráðuneytisins ([felagsmalaraduneyti.is](http://felagsmalaraduneyti.is)). ■

## Umfjöllun um innflytjendur 2006

Fjölmiðlavaktin tók að beiðni félagsmálaráðherra saman umfjöllun um innflytjendur og erlent launafólk í fjölmiðlum á árinu 2006 og greindi hana meðal annars eftir mánuðum og efnistöfum, sjónarmið hvernig væru áberandi og hvort umfjöllunin væri jákvæð eða neikvæð í garð innflytjenda.

Um er að ræða 1.323 fréttir og greinar um innflytjendur á Íslandi annars vegar og hins vegar um erlent vinnuafli úr helstu dagblöðum og aðalfréttatímum ljósvakamiðla.

Skýrslan er birt í heild sinni á heimasíðu félagsmálaráðuneytisins. ■



### Fréttabréf félagsmálaráðuneytisins

25. apríl 2007

Ritstjóri:  
**Þór Jónsson**

Umbrot og hönnun:  
**Arnar Pálsson**

Ábyrgðarmaður:  
**Ragnhildur Arnljótsdóttir**

Félagsmálaráðuneytið  
Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu  
150 Reykjavík

Netfang:  
[postur@fel.stjr.is](mailto:postur@fel.stjr.is)

Veffang:  
[www.felagsmalaraduneyti.is](http://www.felagsmalaraduneyti.is)